

Ed. 209. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna:

1. Í stað „1 800 kr.“ í 1. mgr. komi: 2 250 kr.
2. Í stað „360 kr.“ í 1. og 2. málslíð 2. mgr. komi: 450 kr.
3. Í stað „520 kr.“ í 7. mgr. komi: 650 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1985 vegna tekna á árinu 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1985 verði gefin upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laganna nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli árána 1984 og 1985. Er því skv. frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 25%.